


Fátækt fólk

Æviminningar Tryggva Emilssonar



Kennarakver eftir
Brynjúlf Sæmundsson

Forlagið 2010

Inngangur

Fyrsta bindi endurminninga Tryggva Emilssonar (1902–1993), *Fátækt fólk*, kom út 1976 og vakti mikla athygli á sínum tíma. Margir urðu til að stinga niður penna og bera lof á þennan aldna verkamann fyrir eftirminnilegar lýsingar á uppveiti og aðstæðum barns og unglings á fyrstu áratugum 20. aldar. Árni Bergmann segir m.a.:

„Hann fegrar ekki hina ömurlegu bernsku sína, dregur ekki undan að hún hafi einatt verið tárur þyngri. Glæpur fátæktarinnar er þarna á bók festur, um leið hefur Tryggvi Emilsson til að bera þá mannlegu yfirburði, að hann hefur vel efni á að sýna þeim skilning sem eiga nokkuð hægna aðild að þeim glæp – fremur en að hann sé mjög beiskur í þeirra garð“ (Árni Bergmann 1976).

Guðmundur G. Hagalín hrifst einnig af frásagnarsnilli og lífsviðhorfum Tryggva:

„En ógleymanlegastar verða lýsingar hans á þeim sælustundum, þegar hann lifði sig svo inn í náttúru hins harðbýla dals, sem nú er að miklu eyddur að mannfólki, að jafnvel fjöllin og steinarnir gæddust lífi í andblæ þess, „sem sólina skóp“. Mætti margt sagnaskáldið líta upp til hins aldna erfiðismanns sakir jákvæðra viðhorfa hans og þeirrar snilli, sem mótar mál hans og stíl, þar sem honum tekst best upp“ (Guðmundur G. Hagalín 1977).

Þegar allar þrjár endurminningabækurnar voru komnar út, auk *Fátæks fólk*, *Baráttan um brauðið* (1977) og *Fyrir sunnan* (1979), skrifaði Gísli Ágúst Gunnlaugsson sagnfræðingur:

„Æviminningar Tryggva Emilssonar vekja áhuga sagnfræðinga fyrir margra hluta sakir. Hér er ekki einungis um að ræða ævisögu eins manns, heldur greinargóða lýsingu á högum og kjörum mikils hluta íslensku þjóðarinnar á þessari öld. Tryggvi lifir hinar miklu félagslegu breytingar hér á landi frá gamla bændasamfélaginu til tæknisamfélags nútímans, á öllum skeiðum þeirra“ (Gísli Ágúst Gunnlaugsson 1980: 337).

Ekki skal því leynt að aðrar raddir og neikvæðari heyrðust einnig og urðu talsverð blaðaskrif um lýsingar Tryggva á einstaklingum og aðstæðum fólks. Var m.a. deilt um hvort frásagnir hans væru byggðar á traustum grunni eins og sést af eftirfarandi yfirlýsingu sex Eyfirðinga:

„Í bókinni „Fátækt fólk“ lýsir hr. Tryggvi Emilsson heimilinu á Draflastöðum í Sölvadal á mjög óhugnanlegan hátt. Við undirrituð, sem þekktum vel þetta heimili á þeim árum sem Tryggvi var þar, furðum okkur á þessari frásögn hans og getum ekki trúað henni.

Lýsum við hér með yfir andstyggð okkar á þeim þætti bókarinnar sem fjallar um heimilisfólkið á fyrrnefndum bæ“ (Ketill S. Guðjónsson o.fl. 1977).

Steingrímur Eggertsson var á svipuðum aldri og Tryggvi og alinn upp í sveitum Eyjafjarðar. Hann svarar sexmenningunum eynfirsku:

„Þegar við komum í Öxnadalinn voru 24 bæir í dalnum, meirihlutinn moldarhaugar holir innan og kallaðir manna bústaðir, en hefðu í rauninni ekki verið hæfir fyrir skepnur.

Þessi kot eru fyrir mörgum árum flest orðin að moldarhrúgum. Hvernig haldið þið, sem viljið ekki viðurkenna sannsögli Tryggva Emils, að lífið hafi verið í þessum

hreysum? ... Þið getið ekki trúað þessu lífi sem Tryggvi, og ég nú, erum að lýsa. Þið voruð svo lánsöm að eiga góð velmegandi æskuheimili“ (Steingrímur Eggertsson 1977).

Blaðadeilur í þessum anda héldu áfram fram eftir sumri 1977, einkum í vikublaðinu *Degi*. En margt fleira var skrifað um *Fátækt fólk* og eru glefsur úr ritdómum og greinum birtar aftar í þessu hefti kennurum til glöggvunar.

Verkefni þau sem hér fara á eftir eru eins konar safn sem kennarar geta valið úr eða sótt sér hugmyndir í og breytt og aukið eftir því sem andinn blæs þeim í brjóst. Þau geta nýst með ýmsu móti í yfirferð, t.d. í umræðum, hópvinnu, smáprófum eða stuttum ritsmíðum. Sumum kann að þykja heppilegt að nota heildarverkefni eða mismunandi þemaverkefni. Aðrir kjósa verkefni úr hverjum kafla. Hér eru því annars vegar allmargar spurningar og athugunarefni úr einstökum köflum, nokkrir flokkar þemaverkefna og loks örfá stór heildarverkefni sem krefjast talsverðrar yfirsýnar. Þessi aðferð hefur óhjákvæmilega í för með sér að verkefni skarast að hluta.

Í byrjun getur verið skemmtilegt og gagnlegt að fjalla eitthvað um íslenskt samfélag og hugsunarhátt á árunum 1900–1920, t.d. í samvinnu við sögukennara. Hvernig voru almenn lífskjör á þessu skeiði? Hvernig var staða bænda og hvað þótti gott bú? Hver var staða vinnufólks? Hvernig stóðu verkamenn og sjómenn að vígi? Hvernig höfðu kaupmenn og atvinnurekendur það? Hvernig var alþýðumenntun og skólamálum háttað? Hvað er vitað um húsakynni fólks og klæðnað? Hér getur verið gott að grípa til gamalla ljósmynda sem oft segja meira en mörg orð.

Í framhaldi af umfjöllun um íslenskt samfélag þessa tíma er auðveldara fyrir nemendur að átta sig á hvort hin persónulega lýsing Tryggva Emilssonar á lífsbaráttu fjölskyldunnar í *Fátæku fólki* endurspeglar kjör margra eða fárra. Síðan gætu kennarar kynnt nemendum ævistarf Tryggva í stuttu máli (sbr. *Baráttuna um brauðið* og *Fyrir sunnan*) og nemendur velt fyrir sér hvers vegna hann tók svo ríkan þátt í baráttu verkafólks fyrir bættum lífskjörum sem raun ber vitni.

Einhverjir kunna að spyrja: Hvaða erindi á bók eins og *Fátækt fólk* við unglinga á 21. öld? Er einhver ástæða til að vera að velta sér upp úr erfiðleikum og draumum forfeðra okkar? Er þetta ekki löngu liðin tíð? Við eigum að sjálfsgöðu ekki að velta okkur upp úr eynd eða ógæfu liðinna kynslóða en við getum heldur ekki látið sem aðstæður þeirra komi okkur ekki við. Það hefur aldrei skaðað að líta stöku sinnum í baksýnisspegilinn enda þótt augun eigi einkum að hvíla á veginum fram undan. Hlutverk framhaldsskólans er nú einu sinni að stuðla að alhliða þroska nemenda sinna og leitast við að efla með þeim víðsýni, umburðarlyndi og gagnrýna hugsun og kenna þeim að njóta menningarlegra verðmæta. Saga Tryggva er ágætlega til þess fallin að kveikja umræður nemenda um samfélagsleg og tilfinningaleg efni á öllum tímum, vekja samúð með þeim sem við ömurlegar aðstæður búa í heiminum, umburðarlyndi eða gagnrýni eftir því sem við á – einnig á okkar tímum. Um menningarlegt gildi *Fátæks fólks* þarf ekki að efast.

I. Verkefni flokkuð eftir efni

a) Verkefni um mál og framsetningu

Flestir hljóta að fyllast aðdáun á tungutaki Tryggva Emilssonar. Orðaforðinn er fjölskrúðugur, stíllinn vandaður og lýsingar nákvæmar. T.d. er viðbúið að margur unglingurinn furði sig á gríðarlegum orðaforða hans í veðurlýsingum. Náttúran er persónugerð og lífi gædd, hann hlustar á „hljómlist“ náttúrunnar og verður málið þá iðulega skáldlegt. Tilvalið er að þjálfa orðaforða og málkennd nemenda með því að láta þá sækja sér fyrirmyndir í *Fátækt fólk*.

1. Hvers konar mál skrifar Tryggvi Emilsson? Leitið að dæmum um hátíðlegt mál, sjaldgæf orð, hversdagslegt mál, tökuorð, myndrænt mál.
2. Veðurlýsing. Ekki þarf að lesa langan kafla í Fátæku fólki til að finna orð eins og byljir, fannkoma, fenna, hríðarmugga, hörkugaddur, kolsvartur skýjabakki, krapasnjóar, nístings kuldi, norðanstormur, sá ekki faðmslengd, skaflar, iðulaus stórhrið, þyrlaði mjöllinni, hreytti hagléljum. Lýsið einhverri ferð ykkar milli staða, bæjarhluta eða einfaldlega á milli húsa. Leggið áherslu á rækilegar veðurlýsingar og sækið orðaforða í smíðju Tryggva.
3. Safnið saman myndrænum náttúrulýsingum í ákveðnum köflum og metið hversu vel þær eiga við eða hvernig þær tengjast hugarástandi höfundarins hverju sinni. Dæmi:
 - „... jörðin stundi undan frostþunganum og var gráthljóð í stununum“ (263).
 - „... bergskeggjuð bláfjöll ... broshýr ... geisluðu af gleði“ (373).
 - „Svo brustu fjöllin í grát, það streymdi vatn undan öllum hvörmum ...“ (375).
4. Litrík og lýsandi sagnorð: Athugið hvernig Tryggvi fer að þegar hann lýsir Öxnadalsá og öðrum ám og lækjum. Takið sérstaklega eftir fjölbreyttum sagnorðum. Vatn seytlar, vætlar, hendist, kastast fram, geysist fram, sprettur fram o.s.frv. Lýsið einhverri á eða læk sem þið þekkið og sækið hugmyndir í smíðju Tryggva (319-326).
5. Hver nemandi orðtekur 5–10 bls. kafla, safnar t.d. orðum sem hann skilur ekki eða vill fá nákvæma skýringu á, flettir þeim upp í orðabók og semur sinn eigin orðalista með skýringum. Á sama hátt mætti semja orðalista þar sem sumir nemendur leituðu eingöngu að góðum lýsingarorðum, aðrir að sagnorðum o.s.frv. Úr þessu má svo vinna með ýmsu móti, en markmiðið væri ávallt að styrkja orðaforða og örva málkennd nemenda.
6. Athugið fyrstu málsgreinarnar í nokkrum köflum bókarinnar og einnig niðurlag kaflanna. Verða einhverjar niðurstöður af slíkri athugun? Hvernig verða kaflaskil? Er eitthvað sameiginlegt?

Allir nemendur hafa einhvern tíma séð kvikmynd sem gerð er eftir skáldsögu. Böðvar Guðmundsson samdi leikritið *Fátækt fólk* sem Leikfélag Akureyrar setti upp 1990. Þar studdist hann við æviminningar Tryggva, tvo þriðju hluta *Fátæks fólks* og fyrri helming *Baráttunnar um brauðið*. Um vinnuaðferð sína segir Böðvar m.a. í viðtali:

„Í samtölunum reyni ég að vera trúr texta Tryggva. Ég skrifa ekki nýtt leikrit í lausum tengslum við söguna eins og oft er gert þegar frásagnir eru settar á svið eða kvikmyndaðar. Mér fannst orðfærið þurfa að vera í samræmi við bækurnar, en þar er lítið um beina ræðu – nánast ekki neitt – þess vegna varð ég að vinna samtöl upp úr textanum. Það var ekki alltaf auðvelt verk ... en það var gaman að glíma við það“ (Böðvar Guðmundsson 1990b).

Hvað gerist þegar verk verður til úr öðru verki? Til að svara þessari spurningu er ágæt æfing að semja samtöl úr frásögn, t.d. væri skemmtilegt verkefni að semja leikþátt um viðbrögð fjölskyldunnar á Gili við fréttunum af dauða (eða ekki dauða) Rússakeisara, sbr. „Sultarlíf“. Einnig mætti velja kafla úr leikriti Böðvars (er til í leikarahandritum), t.d. 6. og 7. atriði þess og láta nemendur bera saman efni og orðfæri leikrits og bókar.

á) Verkefni um fólk og viðhorf höfundar til þess

Lesendum *Fátæks fólks* birtast afar skýrt þær ömurlegu aðstæður sem Tryggvi hefur alist upp við. Hann feugar ekki aðstæður sínar og hlífir heldur ekki því fólk sem telst bera ábyrgð á þeim. Margir hafa þó bent á að sjaldan gæti beiskju í garð einstaklinganna, oftast sé það umburðarlyndi og skilningur á framgöngu þessa fólks sem ráði ferðinni þegar upp er staðið. Niðurstaðan verður þá að manneskjurnar séu í sjálfu sér góðar, en það illa í framkomu eða fari fólks megi rekja til rangláts samfélags, bágra lífskjara og kærleiksleysis. Athugið nokkur dæmi um þetta, t.d. þegar hann kemur heim að Gili á feringardaginn eða frásögnina af því þegar hann kemur að Draflastöðum mörgum áratugum eftir vistina þar. Læknar tíminn og aukin lífsreynsla öll sár? Hér má hugsa sér ýmiss konar verkefni.

1. Veltið fyrir ykkur hvort móðurmissirinn hefur áhrif á frásagnir Tryggva af bernskunni víðar en liggur í augum uppi, t.d. í skapgerð hans, viðbrögðum hans þegar vikið er góðu að honum eða þegar hið smágerða og lítilsmegnuga í umhverfinu ber á góma. – Lesið ljóð Tryggva, „Móðir mín“ í *Ljóðmælum* hans (1971: 11–12).
2. Berið saman Guðnýju og Mörtu, persónueinkenni þeirra, aðstæður og viðmót. Guðný kemur víða við sögu en Marta einkum í kaflanum „Fyrir sunnan“.
3. Athugið hvernig Tryggvi lýsir foreldrum sínum. Lýsið degi í lífi Þuríðar móður hans og á sama hátt degi í lífi Emils föður hans.
4. Skrifðið minningargrein um Þuríði móður Tryggva. Sjá kaflana „Hamarkot“ og „Brauðleysi“.
5. Hvað má skilja af frásögnum Tryggva um samband hans við föður sinn?
6. Lýsið Draflastaðafólki og viðhorfum Tryggva til þess. Gætir beiskju eða reiði í garð þessa fólks? Er siðferðilega rétt að halda til haga vitneskju um illa meðferð á börnum á fyrri tíð og nafngreina þá sem hlut eiga að máli? Sjá „Smalinn á Draflastöðum“, „Gestakoma“ og „Strokið“.
7. Helga M. Níelsdóttir ljósmóðir segir sögur af illri meðferð niðurstetninga í endurminningum sínum. Niðurstaða hennar er á þessa leið: „Fátækt var vissulega fylgikona margra, en vanræksla er og verður alltaf óafsakanleg. Og oft verður ekki annað séð en meðferð á sveitarómögum í gamla daga hafi hreinlega stafað af grimmd.
Heyrt hef ég þá sálfræðilegu skilgreiningu, að menn sem sjálfir líði nauð verði grimmir við aðra vesalinga.
Já, manneskjan er undarleg“ (Gylfi Gröndal 1977: 11–12).
Þessar frásagnir Helgu eða aðrar áþekkar mætti bera saman við frásögn Tryggva af heimasætunni og vinnumanninum á Draflastöðum.
8. Hugsið ykkur að þið gætuð stokkið 80–90 ár aftur í tímann, brugðið yfir ykkur huliðshjálmi og fylgst með Tryggva á þremur skeiðum bernsku hans og æsku: a) í Hamarkoti, b) á Draflastöðum og síðar c) á Gili. Lýsið því sem þið sjáið fyrir ykkar á hlutlægan og huglægan hátt.
9. Semjið dagbókarbrot Magneu dóttur Guðnýjar um dvölinu á Gili. Hvað hugsar hún, hvernig sér hún umhverfi sitt og hvað gæti hún sagt dagbókinni um fortíð sína og framtíðardrauma? Sbr. „Barn fæðist í kotinu“.

b) Verkefni um aðstæður, viðhorf og boðskap

Tryggvi Emilsson var frá unga aldri virkur í baráttu verkalýðsins fyrir betri kjörum, sat lengi í stjórn Verkamannafélagsins á Akureyri og var formaður þess eitt ár. Í Reykjavík hélt hann áfram að vinna fyrir verkamenn og sat í stjórn Dagsbrúnar um 20 ára skeið enda sýndu forystumenn verkalýðsins Tryggva þann einstaka sóma að veita honum heiðursritlaun fyrir Fátækt fólk, auk heiðursmerkis Dagsbrúnar úr gulli. Tryggvi telur líklegt að aðstæður hans á unga aldri hafi mótað skoðanir hans „í baráttunni fyrir rétti hinna snauðu og umkomulausu“ (266). Um þessi atriði mætti fjalla í ýmiss konar verkefnum:

1. Samkvæmt skoðun Tryggva Emilssonar verða aðstæður fólks ekki raktar til einhverra óútskýranlegra duttlunga örlaganna, heldur er það misskipting auðsins sem er grundvallarorsök þess lífs sem fjölskylda hans og margir aðrir urðu að þola. Bendið á nokkur dæmi um þessi viðhorf í *Fátæku fólki*.
2. *Fátækt fólk* þykir hafa sérstöðu hvað varðar lýsingar á „ömurleika vinnuþrælkunarinnar, sem ekki aðeins hrjáði börn og unglunga, heldur virðist hafa verið runnin mörgu fólki í merg og bein í öllu daglegu lífi“ (Vésteinn Ólason 1977: 213). Lýsið vinnudegi og aðstæðum 10–12 ára barns á Draflastöðum (m.a. 103–117) og 15–17 ára unglings á Gili (m.a. 263–269).
3. Lýsið stéttþjóðfélaginu á Íslandi 1900–1920 með Fátækt fólk sem heimild. Leggur höfundur eitthvert mat á þann mun á lífskjörum fólks sem sums staðar birtist?
4. Að hvaða leyti var fermingardagur Tryggva og hinna barnanna ólíkur? Rifjið upp ykkar eigin fermingardag til samanburðar. Sbr. „Skólaganga og ferming“.
5. Á Gili varð sá atburður eitt sinn að Magnea, 19 ára dóttir Guðnýjar, kom þangað til að fæða barn. Um hana segir höfundur að hún hafi verið „stór í sinni smæð“ (288). Hvaða þátt átti þessi stúlka í mótunarferli unglingsins Tryggva?
6. Hvaða áhrif hafa fréttir af falli Rússakeisara á heimilisfólkið á Gili? Hvernig fer fáfróður unglingurinn á Gili í einangrun sinni að samsama sig hugsunarhætti bolsjevíka í Rússlandi? Sbr. „Sultarlíf“.
7. Í *Fátæku fólki* eru nokkuð skýrar andstæður á milli ytri raunveruleika daglegs strits og þrárinnar eftir einhverju betra og fallelgra lífi. Hvernig fær þessi þrá útrás hjá Tryggva og föður hans?
8. Á degi verkalýðsins 1. maí 1990 er langt frá því að verk Tryggva séu gleymd. Þann dag skrifar Garri í *Tímann*: „Með bókum sínum hefur Tryggvi Emilsson gerst helsti höfundur verkalýðshreyfingarinnar á þessari öld“ (Garri 1990). Að hvaða leyti er *Fátækt fólk* saga verkafólks? Er líklegt að slík saga hafi haft áhrif í þá átt að bæta kjör fólks eða hvers vegna hafa samtök verkafólks heiðrað Tryggva?
9. Sjálfsagt er að benda nemendum á að Tryggvi Emilsson er fæddur sama ár og Halldór Laxness. Minningabækur Halldórs, *Í túninu heima* og *Úngur eg var*, spanna álika tímabil og *Fátækt fólk* og koma út á svipuðum tíma. Aðstæður þeirra á uppvaxtarárunum eru hins vegar gjörólíkar. Einhvers konar samanburðarvinna gæti átt við hér. – Þá má benda á hliðstæður í *Fátæku fólki* og *Heimsljósi* og væri gott verkefni að lesa kafla um meðferðina á Ólafi Kárasyni hjá þeim Nasa og Júst á Fæti undir Fótarfæti og bera saman við frásögn

Tryggva af vistinni á Draflastöðum. Umræður um vinnubrögð skáldsagnahöfunda gætu fylgt í kjölfarið.

d) Verkefni um söguvið og samfélag

Flestir hafa notað landakort á ferðalögum. Böðvar Guðmundsson segist strax eftir lestur Fátæks fólks hafa farið að röлта um fjöruna og Eyrina á Akureyri í leit að sögustöðum. „Það varð mér undarleg áráttá,“ segir hann, „að skoða söguslóðir Tryggva Emilssonar, ég var alltaf að leita að nýjum og nýjum stöðum, ýmist frammi í Firði eða úti í Öxnadal, um vorið þegar mófugl var orpinn komu vinir mínir úr Reykjavík í heimsókn, þeir voru jafnhugfangnir af Fátæku fólki og ég og við ókum með bókina og landakort í stórum mælikvarða um Öxnadalinn og vorum alltaf að stoppa og lesa okkur til, hátterni okkar var svo undarlegt, að hjálpsamir lögregluþjónar frá Akureyri sem áttu leið um stönsuðu hjá okkur og spurðu hvort eitthvað væri að.“ (Böðvar Guðmundsson 1990a)

Skemmtilegt gæti verið að ferðast með nemendum um Sölvadal og Öxnadal, þó ekki væri nema á korti í nokkrar mínútur. Í *Árbók Ferðafélags Íslands 1990 – Fjalllendi Eyjafjarðar að vestanverðu* er t.d. lýsing á gönguleiðum vestur úr Öxnadal ásamt kortum (sjá bls. 197–216). Einnig er fróðlegt að skoða gamalt Akureyrarkort (sjá t.d. Steindór Steindórsson 1993), finna Hamarkot og aðra staði sem mikið koma við sögu, mæla vegalengdir o.s.frv. Þá má benda á að *Saga Akureyrar III* er náma af ljósmyndum og frásögnum frá Akureyri í byrjun 20. aldar (sjá Jón Hjaltason 1990).

Hér eru nokkrar tillögur um verkefni:

1. Söguvið bókarinnar er breytilegt. Lýsið í stuttu máli staðháttum á fimm af þeim stöðum sem mest koma við sögu.
2. Sumir njóta sín betur í teikningu en ritlist: Teiknið yfirlitsmynd af eldhúsinu á Draflastöðum (112–113) og bænnum á Gili (205–206) eftir lýsingu bókarinnar.
3. Semjið smásögu um tiltekið efni. Sagan á að gerast á sama tíma og Fátækt fólki.
 - a) Söguviðið er gamli bærinn á Draflastöðum (eins og Tryggvi lýsir honum). Látið sögupersónurnar vinna einhver þeirra verka sem unnin voru á Draflastöðum.
 - b) Söguviðið er Akureyri 1906–1918 (m.a. staðir sem sagt er frá í *Fátæku fólki*). Trausta, sögulega umgjörð ásamt hugmynd að söguþræði má fá í *Sögu Akureyrar III. bindi* (sjá Jón Hjaltason 1990).
4. Tryggvi lýsir oft mjög vandlega hlutum og vinnubrögðum sem sjást ekki lengur nema á söfnum og í bókum. Farið á safn og skoðið nokkra af þeim hlutum sem hann lýsir og aflið upplýsinga um hvernig þeir voru notaðir.
5. Gerið grein fyrir menntun, skólagöngu og bóklestri í því samfélagi þar sem Tryggvi elst upp.
6. Í *Lesbók Morgunblaðsins* 7.6.1980 er ljóðið „Páskaraunir“ eftir Guðbrand Gíslason. Þetta ljóð hlýtur að kveikja frjóar umræður um samfélagsbreytingar.

Páskaraunir

Um páskana árið 1917
gekk Tryggvi Emilsson
frá Gili í Öxnadal

til Akureyrar & tilbaka
hundraðkílómetraleið
að fá hafragrjón hveiti &
sykur kaffi tóbak & rúsínur
& máske eitthvað smátt
til að bægja hungurvofunni frá
hreppti hríð & var allur svar-
blár á kroppinn af kuldanum
á eftir & næstum dauður
en á laugardag fyrir páska 1980
komst ég líka í hann krappan
í húsi í Borgarnesi þarsem voru
36 tegundir með kaffinu & ég ný-
búinn að éta hádegismat & átti
við hægðatregðu að stríða af
hreyfingarleysi & húsfreyjan
sagði þið fyrirgefið þetta &
ég sagði næstum því nei
það segir ekki af veðrum en
kl. hálfsex stóð frændi minn
upp stór maður & sagði ekki verður
ófeigum í hel komið

ð) Verkefni um veður og náttúru

„Allt lífið snerist um veðrið og því er rúm þess svo stórt í minningunni“ (375).

1. Þrjár hrakningasögur: Frásögn Tryggva (t.d. kaflinn „Tófan á heiðinni“), saga afa míns eða ömmu, saga mín. Skráið frásagnir af hrakningum í illviðri. Rifjið fyrst upp frásagnir Tryggva af ferðum í vondum veðrum og takið sérstaklega eftir lýsingum hans á veðrinu. Skráið síðan lýsingu á ferð sem þið hafið sjálf farið í vondu veðri og leggið áherslu á veðurlýsingarnar. Leitið loks til afa/ömmu ykkar eða annarra sem komnir eru á efri ár og skráið frásögn einhvers þeirra af hrakningum í vondu veðri. Endið með samanburði og niðurstöðum.
2. Finnið dæmi um lýsingar Tryggva á öllum árstíðum og takið sérstaklega eftir hverju hann segir frá og hvernig drengurinn tekur á móti hverri árstíð.
3. Gerið grein fyrir átökum fólks við náttúruöflin, lífsbaráttunni í öllum veðrum og hvernig lesið er í náttúruna kafla eftir kafla, t.d. hegðun fugla.

e) Annað

Ýmis önnur verkefni hafa kennarar áreiðanlega á takteinum, t.d. í tengslum við þjóðfræði, sögu, félagsfræði, veðurfræði, sjálfsævisögur, hugtök og heiti í bókmenntum eða örlagasögur fólks svo að eitthvað sé nefnt. Einnig má benda á bækur í heimildaskránni hér að aftan, t.d. *Árbækur Ferðafélags Íslands* og bók Jóns Hjaltasonar, *Saga Akureyrar III. bindi. Fæðing nútímamannsins 1906–1918*.

II. Kaflaspurningar og umræðuefni

Fátækt fólk er efnismikil bók og getur vel hentað að fara yfir hana með nemendum kafla fyrir kafla í tímaröð. Eftirfarandi kaflaspurningar eru hugsaðar til að halda nemendum við efnið í umræðum eða með smáverkefnum og skriflegum æfingum en geta einnig gagnast að einhverju leyti sem einfaldar prófspurningar. Óhjákvæmilegt er að nokkur skörun verði milli kaflaverkefna og stærri þemaverkefna.

Hamarkot

- Hér gefst tækifæri til að skoða hvernig byggðinni á Akureyri var háttað fyrir einni öld miðað við núverandi byggð, athuga staðsetningu Hamarkots o.s.frv. Góð örnefnakort/loftmyndir eru í bók Steindórs Steindórssonar, *Akureyri. Höfuðborg hins bjarta norðurs* (1993).
- Hvernig er hér lýst stéttaskiptingu og atvinnu á Akureyri um aldamótin 1900? Er lýsingin hlutlaus? Einnig mætti vekja athygli á þessu sama efni með því að spyrja um skýrustu andstæðurnar í kaflanum.

Brauðleysi

- Hvernig er leikjum og leikföngum barna lýst hér?
- Hvernig bar það til að kýrin Skjalda bar fyrsta kálfinum sínum í fjósi kaupmannsins en ekki í Hamarkoti?
- Stéttarvitund Tryggva byrjar snemma að mótast. Hvernig fjallar hann um misskiptingu auðsins?
- Tryggvi notar orðin örbirgð, hungurvofa og fátækraþerrir þegar hann lýsir jólahaldi fjölskyldunnar eitt árið. Er einhver skýring á þessu ástandi?
- Móðir Tryggva deyr tæpra 38 ára frá 8 börnum. Hvað olli dauða hennar að mati Tryggva?
- Hvernig minnst Tryggvi móður sinnar?

Fyrir sunnan

- Hvaða þáttaskil urðu í lífi drengsins 1908 og 1912?
- Hver er þáttur Sighvats Gíslasonar í sögu Tryggva?
- Lýsið heimili Mörtu og Böðvars, t.d. með samanburði við Hamarkotsheimilið.
- Eftirfarandi orð er rétt að hafa í huga þegar lesið er áfram: „Það var í sjöttu viku sumars sem ég yfirgaf mína glöðu æsku og gekk á vit illra örlaga.“
- Athyglisvert er hversu kaflinn um þessi fjögur ár í Reykjavík er stuttur enda þótt þar liði Tryggva vel og byggji við gott atlæti. Hver gæti skýringin verið?

Smalinn á Draflastöðum

- Hvað er Tryggvi gamall þegar hann kemur fyrst að Draflastöðum og hversu lengi er hann þar?
- Á Draflastöðum lærði Tryggvi að vinna störf sem hann hafði aldrei kynnst áður. Hver voru skyldustörf hans þar? Þekkjast einhver þessara starfa enn?
- Lýsið heimilisbragnum á Draflastöðum, framkomu fólksins og samskiptum.
- Hvaða tilfinningar valda því að Tryggvi getur ekki tára bundist þegar hann kemur að Þormóðsstöðum?
- Höfundur tekur vel eftir dýrum og fuglum. Hvað á hann við þegar hann segist aldrei, hvorki fyrir né síðar, hafa getað tileinkað sér lífsviðhorf hundsins?

Á Lundargötunni

- Hvað vitum við um skólalærdóm Tryggva þegar hér er komið sögu? Fylgist með námi hans næstu árin.
- Hvað er sagt hér um leiki barna á Akureyri?

Tanginn

- Hvaða hugmynd fær lesandi hér um störf og aðstæður föður Tryggva?

Gestakoma

- Hér og víðar í sögunni segir frá yfirmáttúrulegum sýnum. Hver er Þorgeirsboli og hvers vegna trúir heimilisfólkið frásögn drengsins af nautinu þó að enginn sjái það nema hann?
- Fylgist með þegar Guðrún heimasæta snyrtir sig.
- Fúsi vinnumaður á það til að berja drenginn svo að blæði, oft án sýnilegs tilefnis. Hvernig skýrir Tryggvi framkomu vinnumannsins? Er skýring hans sennileg?
- Veltið fyrir ykkur hvernig fréttir berast til afskekktara byggða 1914.

Strokið

- Hér er lýst vetrarverkum á sveitabæ á öðrum áratug 20. aldar. Hvað er tóskapur, gegningar, vatnsgrind, heynál, meis?
- Dragið saman það sem sagt hefur verið um Kristján, Hólmfríði, Guðrúnu og Sigfús í nokkrum síðustu köflum og lýsið þeim (munnlega). Hvernig væri að strákarnir lýstu mæðgunum og stelpurnar fjölluðu um Kristján og Fúsa? Hafið þið kynnst fólki sem hefur eitthvað af einkennum þeirra?
- Tryggvi lýsir líðan sinni á Draflastöðum svo: „Á þessum bæ leið mér illa öllum stundum.“ Hvers vegna virðist hann þrátt fyrir allt bera hlýjar tilfinningar til fólksins á bænum hálfri öld síðar?
- Hvaða áhrif hafði strokið á Emil, föður Tryggva?

Kjallaravistin

- Lýsingin á kjallaranum er afar glögg þrátt fyrir að Tryggvi dveldist þar einungis einn mánuð. Hvers vegna ætli kjallaravistin hafi orðið eftirminnileg?
- Hér er lýst sælustundum en einnig eymdartíma. Hverju tengjast þessar stundir?
- Hvernig minnst Tryggvi föður síns í þessum kafla og kaflanum næst á undan?

Frá tómthúsi að afdalakoti

- Hvar eru Hólarnir sem „hálfan dalinn fylla“ og í hvað er Tryggvi að vísa?
- Bregðið ykkur í hlutverk áhugasams og dálítið forvitins áhorfanda og lýsið lestinni sem mjakast upp Öxnadalinn vorið 1915.
- Hér hittast bræður eftir langan aðskilnað. Hversu langan?

Enn um örlagaþráðinn

- Setjið ykkur í spor Emils þegar draumar hans um nýtt líf hafa hrunið til grunna og semjið dagbókarbrot í nafni hans um einhverja þá atburði sem lýst er í kaflanum.

Ljósið í tóttinni

- Hér slokknar dýrmætt líf og nýtt líf fæðist. Hvorttveggja hefur mikil áhrif á drenginn. Útskýrið þetta nánar.
- Hvað er átt við með kaflaheitinu?

- Kristján skáld frá Djúpalæk skrifaði um *Fátækt fólk* í vikublaðið *Dag* og taldi þennan kafla „einn ægifygursta kafla bókarinnar, mikið listaverk“ (1977). Eruð þið sama sinnis? Hvað er sérstakt við kaflann?

Skólaganga og ferming

- Hér lýkur skólagöngu Tryggva vorið 1916. Hvernig leið honum þessar fáu vikur í skólanum og hversu löng var skólagangan orðin í allt?
- Að hvaða leyti var fermingardagurinn hamingjudagur og hvaða skugga bar á daginn?

Fornar leiðir

- Hvers vegna ákveður Emil að flytja frá Bakkaseli að Gili eftir árið?

Gil í Öxnadal

- Lýsið híbýlum á Gili.

Tófan á heiðinni

- Segið frá tófunni og tókinni Drífu (góð æfing í að segja stutta sögu). Hér rifjast vafalaust upp fyrir nemendum aðrar góðar sögur um samskipti manna og dýra.
- Hvernig fór drengurinn að því að rata heim í iðulausri stórhrið svo að varla sá út úr augum?
- Semjið stutta blaðafrétt um ferð Tryggva.

Kaupstaðarferð

- Verkefni úr þessum kafla eru einnig annars staðar í heftinu (Sögusvið og samfélag).
- Í þessari ferð er Tryggvi næstum orðinn úti. Hvað varð honum til bjargar?
- Hugleiðið efni kaflans út frá hugtökunum: hjálpssemi og góðvild, trú, andstæður, kvíði, þakklæti, hetjuskapur, nágrannakrytur.
- Þekkja nemendur einhverja hliðstæðu við „búðarferð“ Tryggva úr nútímanum?
- Athugið upplýsingar í lok kaflans um vinnubrögð höfundar.
- Semjið frétt út frá efni kaflans eftir hefðbundnum reglum um traustar heimildir, form og uppsetningu blaðafréttanna (sbr. handbækur).

Sultarlíf

- Hvaða hugmynd fá lesendur hér um líf og hugsanir Emils, föður Tryggva?
- Lýsið stuttlega áhrifum sultarlífs og fátæktar á unglingsinn á Gili.
- Hvernig bjó heimilisfólkið á Gili sig undir veturinn 1917–1918?
- Hér berast fréttir af rússnesku byltingunni. Hvers vegna biður drengurinn guð að hjálpa bolsjevíkum í Rússlandi?
- Tryggvi lærir hér vísu af föður sínum um örlög kónga og keisara. Vísan er úr kvæðinu „Örlög guðanna“ eftir Þorstein Erlingsson. Kynnið ykkur efni kvæðisins í heild og tengið það hugleiðingum Tryggva um danska kónginn o.fl.

Fyrirburðir

- Hvernig er lesið út úr hegðun fugla í baðstofunni á Gili?
- Veltið fyrir ykkur berdreymi Guðnýjar og sýn Tryggva í heytóttinni.

Frostaveturinn 1918

- Aflið ykkur upplýsinga um frostaveturinn 1918 úr öðrum heimildum.
- Lýsið daglegum verkum 15 ára unglingsins á Gili þennan vetur.
- Hvert var tilefni kvæðisins um allsherjardauðann og hverjir fengu að hlýða á kvæðið?
- Hvernig lýsir Tryggvi sambandi föður síns og Guðnýjar?

- Hvaða skoðanir voru að mótast með Tryggva á þessum árum og hvernig kemur faðir hans þar við sögu?

Huldumærin

- Hvernig er hugarástand Tryggva á leiðinni að Gljúfragili?
- Lýsið sumarverkum unglingsins á Gili.
- Hér ber fyrir Tryggva eina af „fegurstu draumsýnum ævinnar“. Hvaða lærdóm ákveður hann að draga af atburðinum? Hvernig var rætt um huldumeyna?

Barn fæðist í kotinu

- Aflið upplýsinga um Norðurpól (Gránufélagsgötu 57a), t.d. í bókinni *Akureyri. Höfuðborg hins bjarta norðurs* (Steindór Steindórssón 1993: 93).
- Lýsið Magneu og áhrifum hennar á bókarhöfund.
- Endursegið frásögn Tryggva af ferð hans út að Bessahlöðum og aftur heim. Takið eftir náinni tilfinningu hans fyrir náttúrunni (t.d. fuglum).
- Áhugasömum mætti benda á bókina *Þegar barn fæðist. Endurminningar Helgu M. Nielsdóttur ljósmóður* (Gylfi Gröndal 1977). Þar segir frá fæðingum við ýmsar aðstæður.

Áin í dalnum

- Hvernig skýrir Tryggvi örnefnin Varmavatnshólar (líka áður), Vaská og Kaupmannspyttur?
- Stórbrotnar lýsingar Tryggva á ám, lækjum og fossum hljóta að vekja athygli. Gefið gaum að fjölskrúðugu orðalagi hans, t.d. persónugervingu (harðleg undir brún ... stórvirk og eljusöm).

Jörð fer í eyði

- Tryggvi flyst alfarinn úr föðurrúsum í vinnumennsku í Skagafirði 1920. Hvernig líst honum á þau skil sem hér verða í lífi hans?

Veganestið

- Hér verður höfundur tíðrætt um sköpunarverkið, blómin, fuglana, músina, fjöllin, sólsetrið, stjörnur, norðurljós og veðrið. Hvernig tengist titill lokakafans þessari umræðu?
- Hverjir fengu helst að heyra kveðskap höfundar?
- Hvers konar listir (skáldskap, málverk, höggmyndir, tónlist, kvikmyndir) hafði Tryggvi einhverja hugmynd um þegar hann var 17 ára?
- Ræðið eftirfarandi fullyrðingu höfundar: „Ég var 17 ára þegar ég yfirgaf Gil, barn náttúrunnar, heimaalið og heimskt“ (377).

III. Almenn heildarverkefni og umræðuefni

1. Hugsu ykkur að þið væruð í hlutverki bókmenntarýnis í sjónvarpi og þyrftuð að lýsa efni Fátæks fólks í 50–70 orðum. Hvernig yrði lýsingin?
2. Gerið grein fyrir ytri og innri tíma bókarinnar og bendið á atriði sem auðvelda tímasetninguna.
3. Mannlýsingar. Hvaða fólk varð eftirminnilegast í frásögn höfundar og hvers vegna?

4. Gerið grein fyrir byggingu bókarinnar. Hverjir eru höfuðþættir hennar og hvað markar skil milli þessara þátta?
5. *Fátækt fólk* hefur undirtitilinn *Æviminningar* en jafnframt er bókin þroskasaga barns og unglings til 17 ára aldurs. Hverjir hafa verið ríkustu áhrifaþættirnir á þroskabraut drengsins og hvernig mætti lýsa þessum unglingi sem í lok bókarinnar stendur enn á nýjum tímamótum í lífi sínu?
6. Draumar og veruleiki (sem opið og vítt verkefni).
7. Gerið grein fyrir þjóðtrúnni í sögunni (sýnum, draugum, huldufólki, fyrirboðum, draumum) og áhrifum hennar á daglegt líf fólks.
8. Hvaða atriði í sögu Tryggva Emilssonar eiga sér með einhverjum hætti hliðstæður í nútímanum eða jafnvel á öllum tímum?
9. Veljið nokkra staði í bókinni þar sem tilfinningalíf og hugarástand drengsins birtist lesendum. Hvaða tilfinningar brjótast um í brjósti hans? Hvaða tilfinningar eru bældar, hverjar fá útrás og hvernig?
10. Höfundur hefur kynnst skáldskap rómantíkur, raunsæis og félagslegs raunsæis. Á hvern hátt endurspeglast ákveðnir drættir þessara stefna hveðrar fyrir sig í frásagnaraðferð og viðhorfum hans? eru einkenni einnar bókmenntastefnu meira áberandi en annarrar?
11. Hvers virði eru frásagnir og endurminningar langafa og langömmu fyrir ykkur? Er ástæða til að vera að rifja upp frásagnir af lífi kotbænda og niðursetninga fyrri tíðar og setja sig inn í gleði þeirra og sorgir eða er farsælast fyrir nútímann að leiða þessar frásagnir hjá sér?
12. Ekki voru allir sammála um sannleiksgildi frásagna Tryggva. Sumir rengdu lýsingar hans á erfiðum aðstæðum fólks og töldu frásagnir hans af framkomu Draflastaðafólks við drenginn fjarri öllu lagi eins og sjá má í aðsendum blaðgreinum frá árinu 1977, einkum í *Degi* á Akureyri. Aðrir svöruðu og tóku undir frásagnir Tryggva. – Kynnið ykkur ritdeilur í blöðum frá 1977. Gerið grein fyrir þessum deilum og leggið eigið mat á þær.
13. Kynnið ykkur hugtökin **endurminningar** og **sjálfsævisaga** í bókinni *Hugtök og heiti í bókmenntafræði*. Veltið síðan fyrir ykkur spurningum eins og: Hvernig er góð sjálfsævisaga eða endurminningabók? Er það góð sjálfsævisaga sem þylur eingöngu staðreyndir í tímaröð eftir minni? Er það góð sjálfsævisaga sem gefur sér það frelsi að endurskapa liðna atburði í minninu og skynja þá upp á nýtt? Getur sjálfsævisaga verið algerlega „sönn“? Þessar og aðrir spurningar gætu hentað til umræðu í litlum hópum.

Viðtökur gagnrýnenda – glefsur úr ritdómum og greinum

Af íslenskum bókum ársins 1976 vakti *Fátækt fólk* hvað mesta athygli og var mikið um hana skrifað árið 1977 og einnig voru umræðu- og viðtalsþættir í útvarpi. Vorið 1977 var tilkynnt að bókin yrði, ásamt *Mánasigð* Thors Vilhjálmssonar, lögð fram af Íslands hálfu til Bókmenntaverðlauna Norðurlandaráðs. Sama vor hlaut Tryggvi æðsta heiðursmerki

Dagsbrúnar, heiðursmerki úr gulli auk 300 þúsund króna heiðursritlauna frá félaginu. Tveimur árum síðar var annað bindi endurminninganna, *Baráttan um brauðið*, einnig valin sem framlag Íslands til að keppa um Bókmenntaverðlaun Norðurlandaráðs.

Hér eru birt nokkur **brot** úr ritdómum, greinum og blaðadeilum sem gætu nýst nemendum við að átta sig á viðtökum gagnrýnenda og almennra lesenda. Á vef Landsbókasafns Íslands – Háskólabókasafns, <http://timarit.is/>, er nú hægt að lesa megnið af þessu efni **í heild** og fleira má finna með því að styðjast t.d. við *Bókmenntaskrá Skírnis* 1976 og 1977 sem Einar Sigurðsson tók saman. Sýnishornin hér að neðan ættu þó að gefa allgóða hugmynd um mat manna á bókinni.

„Í þessari bók dregur Tryggvi upp ljóslifandi myndir af lífi þess alþýðufólks, sem verður að verkalyð nútímans: Þurrabúðarfólksins og leiguliðanna, sem hrekjast milli kjallaranna á eyrinni og kotanna í sveitinni í þeirri vonlitlu baráttu við hungrið og fátæktina, sem þessir einstaklingar háðu, meðan þeir höfðu enn ekki lært að þjappa sér saman í hóp: mynda samtök stéttarinnar“ (Einar Olgeirsson 1976).

„Hann feugar ekki hina ömurlegu bernsku sína, dregur ekki undan að hún hafi einatt verið tárur þyngri. Glæpur fátæktarinnar er þarna á bók festur, um leið hefur Tryggvi Emilsson til að bera þá mannlegu yfirburði, að hann hefur vel efni á að sýna þeim skilning sem eiga nokkuð hæpna aðild að þeim glæp – fremur en að hann sé mjög beiskur í þeirra garð. Þetta kemur til dæmis fram í eftirminnilegri lýsingu hans á Draflastaðafólki, en hjá því er hann í mjög illri vist. Því fólki er ekki hlíft, en skilningur Tryggva á þeim ævikjörum sem skapa mönnum hegðan og framgöngu vekur um leið með honum sérkennilegt umburðarlyndi í garð þessa fólks sem tíminn á sjálfsagt nokkra aðild að líka“ (Árni Bergmann 1976).

„Á þessum árum einveru með náttúrunni getur allt gerst, þarna eru ýmsar verur á ferð sem ekki verða skýrðar, enda gerir Tryggvi það ekki sem betur fer – vofur jafnt sem huldumeyjar ganga þarna út eins og ekkert sé. Einnig sá þáttur æviminninganna minnir á það með hvílkum ógnarhraða íslensk saga geysist áfram á þessari öld. Er það von menn sundli“ (Árni Bergmann 1976).

„Lýsing Tryggva á heimilisháttum á Draflastaðum og fólkinu þar er frábærlega vel rituð og auðsjáanlega af fyllstu raunsæi. Hygg ég, að hún muni vart eiga sér hliðstæðu í nokkru riti, sem prentað hefur verið á íslenzku. ... Engrar illkvittni í garð Draflastaðahjónanna gætir í frásögn Tryggva, og mun hann vissulega hafa skilið, þá er honum óx lífeyrnsla og þroski, að þau Kristján og Hólmfríður hafi mótazt af kröppum kjörum og öryggisleysi þjóðarinnar á liðnum öldum – og framkoma þeirra gagnvart smalanum af þeirri lítilsvirðingu og harðneskju, sem smælingjarnir urðu að sæta víða um land allt fram á þessa öld“ (Guðmundur G. Hagalín 1977).

„... En ógleymanlegastar verða lýsingar hans á þeim sælustundum, þegar hann lifði sig svo inn í náttúru hins harðbýla dals, sem nú er að miklu eyddur að mannfólki, að jafnvel fjöllin og steinarnir gæddust lífi í andblæ þess, „sem sólina skóp“. Mætti margt sagnaskáldið líta upp til hins aldna erfiðismanns sakir jákvæðra viðhorfa hans og þeirrar snilli, sem mótar mál hans og stíl, þar sem honum tekst bezt upp“ (Guðmundur G. Hagalín 1977).

„Hér er hreinskilningslega og sannfærandi skýrt hvernig ytri atburðir verka á tilfinninga- og hugsanalíf höfundarins. Hin mikla leynd og dul, sem flestir kjósa að fela innri mann sinn bakvið, er látin lönd og leið. Höfundurinn er í eðli sínu skáld, hugsar, finnur til,

skynjar og talar sem slíkur. Og hann er ríkur af orðum og hugtökum, hefur vald á máli, kann stíl ... Mat á samtímamönnum er einstaklingsbundið og því „rétt“ frá sjónarhóli þess er dæmir. Hann segir sitt mat, aðrir sitt“ (Kristján frá Djúpalæk 1977).

„Það er kannski ekkert sérstakt í þessum minningum sem kemur mjög á óvart. Þó átti ég þess ekki von að jafnmörg jafnfátæk heimili hefðu fylgzt að svo seint á árum. Sama er að segja um drauga og vofur. Margir voru trúlausir á slíkt framan af þessari öld. Þarna voru draugarnir alkunnur veruleiki rétt eins og hverjir aðrir nágrannar og sambýlisfólk. Yfirnáttúrulegar kraftaverkasögur, eins og björgun Tryggva þegar hann var að frelsa lambið úr gilinu, eru ekki afar margar frá þessari öld. Sjálfsagt má afgangið sumar þessar sögur sem missýningar og hugarburð, en það dugar þó ekki til að skýra skyggni og fylgjur, eða því skyldu menn sjá slíkar ofsjónir einmitt þegar von er á vissum gestum en annars ekki? Þá er vel sagt frá ýmsum síðum, eins og hvers gæta þurfti þegar sláttur var hafinn“ (Halldór Kristjánsson 1977).

„Ekki tek ég undir það ... að dulrænu sögurnar í bókinni yrðu ekki teknar trúanlegar. Um slík mál dæmir margur af fullkominni vanþekkingu og uppstoppaðri andúð“ (Sigurður Draumland 1977).

Fátækt fólk er „fágæt aldarfarslýsing og í aðra tíð hefur ekki verið betur lýst ævikjörum barns og unglings á fyrstu tuttugu árum aldarinnar. ... heimilda leitar hann ekki í bókum, heimildin er líf hans sjálfs og féлага hans íslenskra erfiðisvinnumanna“ (Eðvarð Sigurðsson 1977).

„Það hlýtur að vera ánægjulegt fyrir sósíalista eins og Tryggva Emilsson, að horfa yfir farinn veg og sjá þá þjóðfélagsmynd, sem hann hefur átt þátt í að móta. Það sér líka á að þrátt fyrir kröpp kjör, og ósanngjarnt viðmót á æskuárum, ber hann ekki harm í hjarta. Liðsmenn nýrra tíma komast vart hjá hnjaski, og hvert það högg, sem höfundurinn fékk hjá vandalausum, hefur hann eflaust notað í smíði hins nýja síðar í landinu. Það eru nefnilega ekki mælskusnillingarnir, Stalínistarnir eða Maóistarnir, sem skapa nýja þjóðfélagshætti, heldur þeir sem mega þola ójöfnuð á eigin skrokk. Þeir gerast seint stefnuvillingar eða stéttlausir áróðursmenn, og sósíalismi þeirra á alla virðingu skilið“ (Indriði G. Þorsteinsson 1977).

„Höfundurinn er mikill frásagnarmaður – og slyngur stílisti. En í þessu tvennu liggur mikil hætta, þó ótrúlegt sé, ef verið er að skrifa sannsögulega bók ... Það sem skáld býr til á viðkvæmum sjálfshrifningarstundum verður fyrir honum og öðrum hinn pottþéttasti sannleikur ... Ég leyfi mér að fullyrða, að þessa bók hefði ekki verið hægt að skrifa án djúprar innlifunar í verk tveggja nútímahöfunda okkar. ... Þar á ég auðvitað við þá Halldór Laxness og Þórberg Þórðarson“ (Jón úr Vör 1977).

Sex Eyfirðingar skrifa: „Við, sem vorum 15–20 ár á næstu bæjum við Draflastaði í Sölvadal ... viljum lýsa megnri andúð okkar á ... ógnvekjandi frásögnum Tryggva af fólkinu þar og framkomu þess við hann og fullyrðum að þetta á sér engan stað“ (Ketill S. Guðjónsson o.fl. 1977).

Og þeim er svarað: „Þegar við komum í Öxnadalinn [1911] voru 24 bæir í dalnum, meirihlutinn moldarhaugar holir innan og kallaðir manna bústaðir, en hefðu í rauninni ekki verið hæfir fyrir skepnur.

Þessi kot eru fyrir mörgum árum flest orðin að moldarhrúgum. Hvernig haldið þið, sem viljið ekki viðurkenna sannsögli Tryggva Emils, að lífið hafi verið í þessum

hreysum? ... Þið getið ekki trúað þessu lífi sem Tryggvi, og ég nú, erum að lýsa. Þið voruð svo lánsöm að eiga góð velmegandi æskuheimili“ (Steingrímur Eggertsson 1977).

„Ég hef mikinn áhuga á æviminningum ... en ... mér líka ekki þeir ævisöguhöfundar, sem geta í hvorugan fótinn stigið út af ótta við að stíga á einhvers strá, en reyna í þess stað að tíunda eigið ágæti, stundum á allhæpnum forsendum. Þá vil ég heldur biðja um æviminningar í stíl Tryggva Emilssonar. Hann hlífir ekki sér eða sínu fólki fremur en öðrum. ... ég þykist vera þess fullviss að afkomendur okkar muni lesa þessa bók sem aldarfarslýsingu, samfara frásögn af lífshlaupi höfundar, en ekki sem úttekt á mannkostum Draflastaðafólks, sem að mínu viti eru hvorki meiri eða minni en hjá öllum þorra bændafólks á þessum tímum sem má í einu orði kalla mesta sómafólk ...“ (Höskuldur Egilsson 1977).

„Mér finnst sannast að segja það vera allmikill skortur á kurteisi og háttvísi gagnvart afkomendum Draflastaðafólksins, sem enn eru á lífi, sú lýsing sem Tryggvi gefur af forfeðrum þess.“ – – – Og „... lýsing Tryggva ... af heimilisháttum á Draflastöðum, er fjærri öllum sanni“ (Ketill S. Guðjónsson 1977).

„Tryggva er heitt í hamsi þegar hann rifjar upp sögu sína og foreldra sinna. Ekkert er fjær honum en svöl hlutlægni. En skaphitinn, sem býr í allri frásögninni eins og þung undiralda, er taminn og virkjaður. Minningarnar hafa skírt í eldi reynslunnar og í ljósi skilnings Tryggva á þeim samfélagsöflum sem hafa drýgt honum örlög. Beiskja sú, sem sums staðar kemur fram, er aldrei persónubundin. Hún beinist ekki að kaupmanni, presti eða bónda sem einstaklingum heldur að því samfélagsástandi sem þeir persónugera. Þetta kemur fram í mörgu, m.a. í því að jafnvel þegar Tryggvi lýsir fólki, sem hann á um ófagrar minningar, er nærri alltaf einhver kímni og gott ef ekki hlýja í frásögninni. Jafnvel Draflastaðafólki, sem þó þykir borin illa sagan, er fundið sitthvað til afsökunar – nema helst heimasætunni“ (Vésteinn Ólason 1977: 213).

„Tryggvi Emilsson har lært meget af den folkelige islandske fortællekunst; det kan man f.eks. se af hans skildringer af vanskelige rejser og af overnaturlige begivenheder. Men hvor den folkelige fortælling er upersonlig er han i høj grad personlig, og han fortæller om mange ting den folkelige fortælling aldrig behandler. Hans fortællerholdning er dog typisk islandsk i den blufærdighed han viser overfor sine egne personlige forhold. Der er intime skildringer fra barndommen uden at læseren nogensinde bliver rigtig klar over hans forhold til faderen, der en tid må have været ret problematisk“ (Vésteinn Ólason 1978: 42).

„Eg gekk vestur móti Glerá, og niðan við homrunum, ið bera tann nýggjara partin av Akuroyri. Uppi á einum hamrasenda dagaði maður móti luftini. ...

Hann hevði kent bæði Tryggva og pápan Emil. ...

Og hann vísti mær á, hvar Hamarkot hevði ligið. Nýggja tíðin hevði sópað tað alt burtur. Bert hamrarnir standa eftir.

Her hevði Tryggvi livað fyrstu 6 árin. Eg sá tær stóru hellurnar, har tey seks systkinini høvdu sínar rættir og girðingar av smásteinum. Horn, leggir og skeljar vóru seyðirnir, rossini og neytini“ (Danielsen, D.P. 1978).

„Det som likevel virker sterkest når en leser denne boka, er den sjeldne varme og medmenneskelighet som strømmer mot en fra hver side. Forfatteren fordømmer som sagt ingen, han prøver å forstå og unnskyldte dem som har gjort ham vondt, og han bevarer

alltid troen på at menneskene tross alt er gode innerst inne, det er fattigdom, slit og uforstand som driver dem til å være leie mot hverandre“ (Kjetså, Astrid 1978).

„Hvad der gør Fattigfolk værd at beskæftige sig med, er dens vedkommende og engagerede formidling af erfaringer, der ganske vist er personlige, men samtidig typiske og fælles for mange“ (Skyum-Nielsen, Erik 1978: 10).

„Datidens samfund prægedes af forskelle, en milevid afstand mellem på den ene side embedsmænd, købmænd og storbønder og på den anden side småbønder, husmænd og fiskere. Men i stedet for dette samfundsbillede sættes på Island ofte en landbo-idyl, hvor klasseforskellene kun er gradforskelle og klassekonflikterne kun krusninger på overfladen“ (Skyum-Nielsen, Erik 1978: 13–14).

„Når Tryggvi Emilsson gang på gang understreger, at de var fattige, sikrer han sit værk mod misforståelse. Han garderer sig mod en læsning, for hvilken han og hans familie blot er mennesker, hvem en fjern skæbne har været ugunstig. Og han garderer sig mod at blive oppfattet som et særtilfælde. Tværtimod er noget af det der bærer bogen oppe, en urokkelig tro på solidaritet mellem mennesker, på underklassens ret på denne side af døden, på klassekampens nødvendighed“ (Skyum-Nielsen, Erik 1978: 16).

Gísli Ágúst Gunnlaugsson sagnfræðingur skrifar um æviminningarnar í heild: „Æviminningar Tryggva Emilssonar vekja áhuga sagnfræðinga fyrir margra hluta sakir. Hér er ekki einasta um að ræða ævisögu eins manns, heldur greinargóða lýsingu á högum og kjörum mikils hluta íslensku þjóðarinnar á þessari öld. Tryggvi lifir hinar miklu félagslegu breytingar hér á landi frá gamla bændasamfélaginu til tæknisamfélags nútímans, á öllum skeiðum þeirra“ (Gísli Ágúst Gunnlaugsson 1980: 337).

„Þessi saga er að líkindum áþekkt sögu fjölda annarra fjölskyldna, sem þjuggu fremur af vilja en efnun á kotbýlum víðs vegar um land á síðustu öld og í upphafi þessarar. Lífsviðhorf þessa fólks mótaðist af því að sjá sér farborða án aðstoðar, að skulda engum neitt og eiga fyrir útförinni“ (Gísli Ágúst Gunnlaugsson 1980: 338)

„Árin í Öxnadalnum ... eru saga baráttu einyrkjans við fátæktina, baráttu fyrir lífsviðurværi og sjálfstæði á kotbýlum sem næsta lítið gáfu af sér. Flestum reyndist erfitt að sigrast á þeim erfiðleikum sem við var að glíma. Æ fleiri gáfust upp á búhokri á afrakstrarlitlum býlum og freistuðu gæfunnar á mölinni. Oft reyndist baráttan þar engu auðsigranlegri. Lýsingar Tryggva á þessari baráttu eru í senn heillandi og átakanlegar. Þrátt fyrir erfið kjör og það mótlæti sem fjölskylda hans varð fyrir, tekst Tryggva yfirleitt að sýna furðanlega hlutlægni í frásögn sinni. Engu að síður verða glögg hin skörpu skil milli stétta, einkum á Akureyri“ (Gísli Ágúst Gunnlaugsson 1980: 339).

„Óhætt er að fullyrða að æviminningar Tryggva Emilssonar séu með markverðustu ævisögum sem gefnar hafa verið út á þessari öld. Þær eru aldarfarsspeggill, ritaðar af alúð og oft á tíðum sjaldgæfri frásagnargáfu og ritsnilld“ (Gísli Ágúst Gunnlaugsson 1980: 344).

Heimildaskrá

I. Ýmis rit sem vísað er til í heftinu eða bent er á

- Árbók Ferðafélags Íslands 1990 – *Fjalllendi Eyjafjarðar að vestanverðu ... I*. Höfundar: Þ. Ragnar Jónasson, Björn Þór Ólafsson, Hjörtur E. Þórarinnsson, Bjarni E. Guðleifsson. Ferðafélag Íslands, Reykjavík.
- Árbók Ferðafélags Íslands 1991 – *Fjalllendi Eyjafjarðar að vestanverðu ... II*. Höfundar: Angantýr H. Hjálmarsson, Haukur Jóhannesson, Helgi Björnsson, Hörður Kristinsson, Magnús Kristinsson. Ferðafélag Íslands, Reykjavík.
- Böðvar Guðmundsson. 1990a. „Bréf frá Böðvari“. *Fátækt fólk, leikskrá Leikfélags Akureyrar*.
- Böðvar Guðmundsson. 1990b. „Okkur dreymir öll um yfirskygðan stað. Rætt við B.G. um Heimsókn á heimaslóð og leikgerð af Fátæku fólki.“ (Viðtal S.A.). *Nýtt helgarblað*, 2. febr.
- Einar Sigurðsson. 1977. *Bókmenntaskrá Skírnis. Skrif um íslenskar bókmenntir síðari tíma*. 9. 1976. Hið íslenska bókmenntafélag, Reykjavík.
- Einar Sigurðsson. 1978. *Bókmenntaskrá Skírnis. Skrif um íslenskar bókmenntir síðari tíma*. 10. 1977. Hið íslenska bókmenntafélag, Reykjavík.
- Garri. 1990. „Tryggvi Emilsson.“ *Tíminn*, 1. maí.
- Guðbrandur Gíslason. 1980. „Páskaraunir“. Í *Lesbók Morgunblaðsins* 7.6.1980.
- Gylfi Gröndal. 1977. *Þegar barn fæðist. Endurminningar Helgu M. Níelsdóttur ljósmóður*. Almenna bókafélagið, [Reykjavík].
- Jakob Benediktsson (ritstj.). 1983. *Hugtök og heiti í bókmenntafræði*. Bókmenntafræðistofnun Háskóla Íslands, Mál og menning. Reykjavík.
- Jón Hjaltason. 1990. *Saga Akureyrar III. bindi. Fæðing nútímamannsins 1906–1918*. Akureyrarbær.
- Steindór Steindórsson. 1993. *Akureyri. Höfuðborg hins bjarta norðurs*. Ritstjórn texta: Einar S. Arnalds. Ritstjórn myndefnis: Ívar Gissurarson. Bókaútgáfan Örn og Örlygur hf., [Reykjavík].
- Tryggvi Emilsson. 1971. *Ljóðmæli*. Heimskringla, Reykjavík.
- Vefur Landsbókasafns Íslands – Háskólabókasafns, <http://timarit.is/>.

II. Ritdómar og greinar sem birtar eru glefsur úr

- Árni Bergmann. 1976. „Ég bað guð að hjálpa bolsjevikum ...“ *Þjóðviljinn*, 18. des. [Danielsen, D.P.] 1978. „Í Íslandi. 4. táttur.“ *Roðin*, jan. 1978. Arbeidarafylkingin.
- Eðvarð Sigurðsson. 1977. „Ávarp E.S.“ *Þjóðviljinn*, 5. apríl.
- Einar Olgeirsson. 1976. „Ritsnillingur alþýðunnar.“ Í *Rétti* 59:4. Bls. 219–221.
- Gísli Ágúst Gunnlaugsson. 1980. „Tryggvi Emilsson: Fátækt fólk, Baráttan um brauðið og Fyrir sunnan. Æviminningar I–III. Mál og menning, Reykjavík 1976, 1977 og 1979.“ *Saga, tímarit Sögufélags*. XVIII: 336–344.
- Guðmundur G. Hagalín. 1977. „Lærður í ströngum skóla mannlífs og íslenzkrar náttúru.“ *Morgunblaðið*, 8. jan.
- Halldór Kristjánsson. 1977. „Sérstök og frábær menningarsaga.“ *Tíminn*, 31. mars.
- Höskuldur Egilsson. 1977. „Hugleiðing um yfirlýsingu.“ *Fokdreifar*. *Dagur*, 22. júní.
- Indriði G. Þorsteinsson. 1977. „Uppspretur íslensks sósíalisma.“ *Vísir*, 11. mars.
- Jón úr Vör. 1977. „Sannfræði skáldskapar.“ *Dagblaðið*, 11. ágúst.

- Ketill S. Guðjónsson o.fl. 1977. „Yfirlýsing vegna „Fátæks fólks“.“ *Dagur*, 4. maí, *Morgunblaðið* 12. maí, *Tíminn* 13. maí. [Undir yfirlýsinguna skrifa Ketill og 5 aðrir.]
- Ketill S. Guðjónsson. 1977. „Vanda þarf til heimildanna eigi vel að fara.“ *Dagur*, 6. júlí.
- Kjetså, Astrid. 1978. „Fattigfolk. Dagbladets kronikk 16. februar 1978.“ *Dagbladet* (norska) 16. feb.
- Kjetså, Astrid. 1979. „Innstilt til Nordisk Råds litteraturpris: Arbeiderens erindringer som ble stor litteratur.“ *Dagbladet* (norska), 5. jan.
- Kristján frá Djúpalek. 1977. „Tryggvi Emilsson. Fátækt fólk.“ *Dagur*, 19. janúar.
- Sigurður Draumland. 1977. „Fátækt fólk.“ *Fokdreifar. Dagur*, 13. júlí.
- Skyum-Nielsen, Erik. 1978. „Tryggvi Emilssons „Fattigfolk“ – arbejderlitteratur og offentlighed på Island.“ *Meddelelser fra Dansk lærerforeningen* 1, januar.
- Steingrímur Eggertsson. 1977. „Sannleikanum verður hver sárreiðastur.“ *Þjóðviljinn*, 8. júní.
- Vésteinn Ólason. 1977. „Ungir menn og fátækir.“ *Tímarit Máls og menningar* 39: 211–215. (Umsögn um *Úngur eg var eftir Halldór Laxness og Fátækt fólk*).
- Vésteinn Ólason. 1978. „Selvbiografisk litteratur på islandsk.“ *Gardar IX*: 30–44.

Eftirmáli 2010

Kennarakver þetta var upphaflega samið að beiðni Þórarins Friðjónssonar til notkunar með útgáfu hans af *Fátæku fólki* (Skerpla ehf. 2002). Þar var bókin nokkuð stytta og verkefnið miðuð við þá útgáfu. Hér er kverið að mestu óbreytt efnislega, en tilvísanir í bókina lagaðar að blaðsíðutali óstyttrar útgáfu Forlagsins 2010.